

Tillaga að gerð sameiginlegra reglna um notkun dróna í Evrópu



Fyrirfram tilkynning um fyrirhugaða breytingu (e. Advance Notice of Proposed Amendment, A-NPA) frá EASA 2015-10: 'Inngangur að regluramma um notkun dróna.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur fengið EASA það verkefni að setja saman evrópskar reglur um dróna. Skilgreining á dróna er nokkuð víð en hún felur í sér öll fjarstýrð og sjálfstýrð loftför: allt frá smátækjum á neytendamarkaði fyrir frístundanotkun yfir í stór loftför, sem notuð eru á miklum vegalengdum vegna öryggisstarfsemi eða vegna annarrar mikilvægrar starfsemi. Þess vegna er drónaiðnaðurinn fjölbreytilegur, hann er vettvangur nýsköpunar og er alþjóðlegur. Hann felur í sér gífurlega mikla vaxtarmöguleika og meðfylgjandi möguleika á sköpun starfa. Samhliða þessu er nauðsynlegt að tryggja örugga, trausta og umhverfisvæna. Þróun, og að virða áhyggjur borgaranna varðandi öryggi, persónuvernd og gagnavernd. Með þessum tveimur forgangsmálum, þá leggur EASA til að gerðar verði breytingar á gildandi reglum um flug til að tekið sé mið af nýjustu þróun á sviði dróna (A-NPA: Tilkynning um tillögu að breytingu á reglunum). Þú getur átt þátt í þessu ferli og lagt eitthvað að mörkum við mótun framtíðarreglna með því að láta í té mikilvægar athugasemdir þínar eins og útskýrt er að neðan. Skjal þetta felur í sér samantekt á A-NPA (númer 2015-10) og hefur það verið þýtt yfir á öll tungumál ESB.

Þá leggur EASA til að gerðar verði breytingar á gildandi reglum um flug til að tekið sé mið af nýjustu þróun á sviði dróna

Það sem er fyrir hendi: Núverandi reglugerð um flug (Reglugerð (EBE) nr. 216/2008) kveður á um að drónar (einnig kallaðir ómönnuð loftför) sem eru meira en 150 kg að þyngd lúta svipuðum reglum og settar hafa verið um önnur loftför (mönnuð loftför). Loftför sem eru undir þessari þyngd skulu lúta reglum sem settar hafa verið í hverju einstöku aðildarríki EASA eftir því hvert ríki telur viðeigandi. En vegna þess að notkun dróna hefur aukist verulega á síðustu árum hafa aðildarríki þurft að bregðast skjótt við sem aftur hugsanlega haft í för með sér brotakenndan markað. Þar að auki þá er þyngd dróna ekki eina viðmið sem kemur að notum.

A-NPA eru tillögur að mótun sameiginlegra evrópskra öryggisreglna um notkun dróna án tillits til þyngdar

Hverjar eru breytingarnar: A-NPA eru tillögur að mótun sameiginlegra evrópskra öryggisreglna um notkun dróna án tillits til þyngdar. Með tillögunum er lagt til að beitt sé hlutfallsleg og notkunarmiðuð nálgun. Með öðrum orðum þá beinast tillögurnar frekar að því hvernig og við hvaða skilyrði dróni er notaður fremur en eingöngu að eigindum drónans. A-NPA tillögurnar fjalla um breytingar á reglum um flugöryggi sem tengjast ábyrgðarsviði EASA og af þeirri ástæðu fjalla þær ekki beint um málefni persónuverndar eða gagnaverndar þar sem slík mál eru utan ábyrgðarsviðs EASA. Þetta skjal veitir stutt yfirlit yfir A-NPA skjalið þar sem útskýrður er fyrirhugaður afrakstur og þar sem endurtekna eru tillögurnar sem nefndar eru í A-NPA. Hægt er að lesa A-NPA skjalið í heild hér: <http://easa.europa.eu/system/files/dfu/A-NPA%202015-10.pdf>.

EASA býður öllum sem hafa áhuga á málefni þessu að skila inn athugasemdum sínum fram til 25. september 2015.

Ferlið: Á þessu stigi í ferlinu er tekið við athugasemdum við A-NPA tillögur EASA á til þess gerðu verkfæri á vefsíðu EASA (<http://hub.easa.europa.eu/crt/>). EASA býður öllum sem hafa áhuga á málefni þessu að skila inn athugasemdum sínum fram til 25. september 2015. Eftir þann dag mun EASA fara yfir öll innlegg sem tekið hefur verið við og fella hugmyndir eða athugasemdir inn í endanlegar tillögur sínar, þar sem við á. Að loknu þessu samráðsferli mun EASA gefa út tillögur sínar (sem nefnast Umsögn EASA) og senda umsögnina til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til framkvæmdar á sjálfri breytingunni á reglunum.

Tillögurnar: A-NPA inniheldur 33 tillögur og eru þær allar nefndar í skjali þessu. Í tillögunum er lagt er til að bæði atvinnustarfsemi og starfsemi sem ekki fer fram í atvinnuskyni sé færð undir öryggisreglur og tillögurnar innleiða þrjá flokka notkunar eins og nú þegar er búið að leggja til

33 tillögur

í ritinu Hugtak EASA um notkun dróna¹ sem gefið var út fyrr á árinu. Þessir þrjú flokkar byggjast á hættu þeirri sem stafar af notkuninni gagnvart þriðja aðila (gagnvart einstaklingum og eigum) og skiptist í: ‘Opinn flokkur (lítil hættu), ‘Sérstakur flokkur (miðlungs hættu) og ‘Vottaður flokkur (mikil hættu). Ástæðan fyrir því að notast við hættu til að greina á milli notkunarviða dróna er sú að til dæmis ómannað loftfar yfir opnu hafi hefur í för með sér minni hættu en lítið loftfar sem notað er yfir áhorfendum á leikvelli. Lagt er til að aðildarríki tilgreini hvaða yfirvöld á þeirra vegum (eða aðrar stofnanir eða fyrirtæki) koma til með að bera ábyrgð á framkvæmd reglnanna.

Tillaga 1: Lagt er til að setja reglur um bæði notkun í atvinnuskyni og notkun sem ekki fer fram í atvinnuskyni vegna þess að hægt er að nota sama dróna í atvinnustarfsemi og í starfsemi sem ekki fer fram í atvinnuskyni.

Tillaga 2: Kveðið verður á um þrjá flokka er snerta notkun dróna:

- Opinn flokkur (lítil hættu): öryggi verður tryggt með takmörkunum á notkun, fylgni við staðla sem gilda um atvinnusvið, og skilyrði um ákveðinn búnað og að notast sé við ákveðnar lágmarksreglur. Eftirlit með framkvæmd fer aðallega fram af hálfu lögreglu.
- ‘Sérstakur flokkur (miðlungs hættu): heimildarveiting af hálfu innlendra flugmálayfirvalda (NAA) hugsanlega með aðstoð til þess berra aðila² (QE) að loknu áhættumati sem notkunaradili framkvæmir. Handbók um notkunarpætti er með upptalningu á ráðstöfunum varðandi áhættumildun.
- Vottaður flokkur (mikil hættu): skilyrði sem sambærileg eru þeim skilyrðum sem gilda um mannað flug. Eftirlit af hálfu innlendra flugmálayfirvalda (útgáfa leyfa og viðurkenning á viðhaldi, notkunarviði, þjálfun, ATM/ANS³ og flugvallarfélaga) og af hálfu stofnunarinnar (skipulag og viðurkenning erlendra fyrirtækja).

Tillaga 3: Aðildarríkjum (EASA MS) ber að tilnefna þau yfirvöld sem ábyrgð bera á framkvæmd reglnanna. Lagt er til að eftirlit með ‘opnu og ‘sérstöku flokkunum falli ekki undir flugöryggiskerfi ESB. Þetta veitir aðildarríkjum EASA nauðsynlegan sveigjanleika innan hvers ríkis sem þurfa þannig ekki að lúta eftirliti EASA (‘EASA Stöðlun).

Tillaga 4: Til þessa bærir aðilar verða samþykktir og úttekt gerð á þeim af innlendum flugmálayfirvöldum eða af stofnuninni til að tryggja að þau fylgji sameiginlegum reglum.

OPINN FLOKKUR

Opinn flokkur (lítil hættu): Í þessum flokki er öryggi tryggt gegnum lágmarkssafn af reglum, takmörkunum á notkun, stöðlum innan rekstrargeira, og skilyrðum um ákveðinn búnað. Eftirlit með framkvæmd er aðallega af hálfu lögreglu. Af þeirri ástæðu þá miða tillögurnar að neðan að því að lýsa safni takmarkana á notkun dróna án þess að þær feli í sér reglugerðarkvöð eða takmörkun á nýskapandi notkunarvið en á sama tíma tryggja öryggi allra þriðju aðila (fyrir einstaklinga og eigur). Sem dæmi, ‘notkun samkvæmt opnum flokki felur í sér stöðugt augnsamband við dróna, þyngd hans skal vera undir 25 kg, að flug hans fari fram í undir 150 metra hæð og hugtakið hnattstöðuleg



1 Hægt er að lesa Hugtak um notkun, hér: http://www.easa.europa.eu/system/files/dfu/204696_EASA_concept_drone_brochure_web.pdf

2 *Viðurkenndar einingar:* merkir stofnun eða fyrirtæki sem kann að hafa verið úthlutað sérstakt hlutverk að sjá um veitingu réttinda á vegum, eða undir stjórn og á ábyrgð stofnunarinnar eða innlendra flugmálayfirvalda.

3 Flugumferðarstjórn/ Loftferðapjónusta

landamörk. Hnattstöðuleg landamörk er hugtak sem felur í sér takmörkun á aðgengi dróna með því að tilgreina sérstök svæði þar sem hugbúnaður dróna og/eða vélbúnaður hans er hannaður til að fara ekki inn á, jafnvel þótt flugstjórinn, án ásetnings, skipi drónanum að fara þangað.

Tillaga 5: ‘notkun samkvæmt opnum flokki er öll notkun lítilla dróna í beinn sjónrænni línu með MTOM⁴ sem er undir 25 kg að þyngd og sem notuð er í öruggri fjarlægð frá einstaklingum á jörðu og sem er aðgreind frá öðrum notendum loftrýmis.

Tillaga 6: Til að koma í veg fyrir óviljandi flug utan öruggra svæða og til að auka fylgni við gildandi reglur, þá er lagt til að tilskipuð verði hnattstöðuleg landamörk (svæði þar sem drónar geta ekki flogið á grundvelli hugbúnaðarhönnunar eða með öðrum hætti) og auðkenning fyrir sérstaka dróna og notkunarsvæði.

Tillaga 7: Til að tryggja velferð, umhverfisvernd og öryggi og persónuvernd þá geta þar til bær yfirvöld skilgreint ‘bannsvæði fyrir dróna þar sem öll notkun er bönnuð án leyfis yfirvalda, og ‘takmörkuð notkun dróna þar sem drónar verða að gegna ákveðnu starfi til að auðvelda auðkenningu og sjálfvirka takmörkun loftrýmis sem þeir geta farið inn á og drónar skulu vera með takmarkaða þyngd.

Tillaga 8: Staðlar varðandi auðkenningar og hnattræna landamarkagerð eru studdir af stofnuninni og mætti vísa til þeirra í reglugerðum um markaðinn í því skyni að tryggja að meirihluti neytendavarnings fylgi þessum stöðlum og til að tryggja samræmi á tæknisviði. Þetta gerir framleiðendum fært að þróa fullnægjandi tæki og til að lýsa yfir fylgni við þessa staðla.

Tillaga 9: Stofnunin skilgreinir gagnasnið sem er almennt notað (t.d. varðandi kortagögn) sem þarf að nota til að útvega upplýsingarnar á opnu vefsvæði. Upplýsingar þessar mætti gera aðgengilegar gegnum þjónustuveitendur, afgangreiddir með snjallsímaappi eða eru upphalaðir milliliðalaust.

Tillaga 10: Framleiðendur og innflutningsaðilar dróna verða að fara eftir gildandi reglugerð um vöruöryggi⁵, og verða að veita viðkomandi viðskiptavinum upplýsingar um takmarkanir á notkun sem gilda um ‘opna flokkinn. Markaðsreglugerðir munu gilda um smærri dróna og efri þröskuld sem þarf að ákveða.

Tillaga 11: Grundvallarskilyrðin er snerta hina væntanlegu almennu tilskipun um vöruöryggi og tengda staðla verða sett fram með aðkomu stofnunarinnar og munu þar verða skilgreind einkenni öryggis (t.d. hreyfiorka, árangur, eiginleikar, geta vegna sambandsrofa) sem við eiga um flokk og undirflokk drónans.

Tillaga 12: Öll notkun dróna í ‘opna flokknum verður að fara fram innan hinna skilgreindu takmarkana:

- Einungis flug í beinni sjónlínu flugstjóra er leyft.
- Einungis drónar sem eru með hámarks flugtaksþyngd undir 25 kg eru leyfðir.
- Öll notkun dróna á ‘bannsvæði dróna er óheimil.
- Drónar sem notaðir eru á ‘takmörkuðum drónasvæðum verða að fara eftir gildandi takmörkunum.
- Flugstjóri ber ábyrgð á því að örugg fjarlægð sé fyrir hendi gagnvart öðrum notanda(-endum) loftrýmis og skal víkja fyrir öðrum notanda(-endum) loftrýmis.
- Dróni í ‘opna flokknum má ekki nota dróna í lofthæð sem er meiri en 150 m yfir landi eða vatni.
- Flugstjóri ber ábyrgð á öruggri notkun og að öruggri fjarlægð sé haldið gagnvart aðilum sem eru ótengdir og gagnvart eigum á jörðu og gagnvart öðrum notendum loftrýmis og má aldrei fljúga dróna yfir mannfjölda (> 12 einstaklingar).

4 Hámarks flugtaksþyngd

5 Gildandi öryggisreglugerð, almenn reglugerð um vöruöryggi vísar í reglugerðir ESB um að setja framleiðsluvörur á markaðinn (http://ec.europa.eu/growth/single-market/ce-marking/index_en.htm)

Tillaga 13: Varðandi notkun dróna sem fer fram meira en 50 m yfir jörðu þá er þess krafist að flugstjóri hafi grundvallarskilning á flugi.

Tillaga 14: Stofna þrjá undirflokka í 'opna flokknum:

- FLOKKUR A0: 'Leikföng og 'smádrónar < 1 kg;
- FLOKKUR A1: 'Mjög litlir drónar < 4 kg
- FLOKKUR A2: 'Smádrónar < 25 kg

Tillaga 15: Viðbótarkröfur varðandi FLOKK A0: 'Leikföng og 'smádrónar < 1 kg:

- Allir drónar sem seldir eru sem leikföng eða neytendavara sem er með massa sem er undir 1 kg gæti fylgt gildandi tilskipun um vöruöryggi og skal vera með takmarkaða afkastagetu til þess að tryggja flug undir 50 m yfir jörð og staðbundna notkun eða búa yfir eiginleikum til að geta sjálfvirkt takmarkað lofthæð og loftrými sem þeir geta farið inn í.
- Notkun skal fara fram undir 50 m yfir jörð.

Tillaga 16: Viðbótarkröfur varðandi FLOKK A1: 'Mjög litlir drónar < 4 kg

- Allir drónar sem seldir eru sem neytendavara og eru yfir 1 kg að þyngd gætu fylgt gildandi tilskipun um vöruöryggi og skulu búa yfir eiginleikum til að geta sjálfvirkt takmarkað loftrými sem þeir geta farið inn í og vera með getu til að veita sjálfvirka auðkenningu.
- Drónar sem notaðir eru á 'takmörkuðum drónasvæðum skulu vera með virka auðkenningu og uppfærða hnattstöðulega landamörkunargetu sem er virkjuð.
- Í tilvikum þegar um er að ræða notkun sem er meir en 50 m yfir jörð þá ber flugstjóri að vera með grunnþekkingu á flugi.
- Tilkynna verður um allar bilanir, gangtruflanir, galla eða önnur atvik sem hafa í för með sér alvarleg slys á fólki eða dauðsföll.

Tillaga 17: Viðbótarkröfur varðandi FLOKK A2: 'Smádrónar < 25 kg

- Allir drónar sem seldir eru sem neytendavara og eru yfir 4 kg að þyngd gætu fylgt gildandi tilskipun um vöruöryggi og skulu búa yfir eiginleikum til að geta sjálfvirkt takmarkað loftrými sem þeir geta farið inn í og vera með getu til að veita sjálfvirka auðkenningu.
- Notkun á 'takmörkuðum drónasvæðum er ekki heimil fyrir 'opna drónaflokkinn þar sem flugtaksþyngd er meiri en 4 kg.
- Í tilvikum þegar um er að ræða notkun sem er meir en 50 m yfir jörð þá ber flugstjóri að vera með grunnþekkingu á flugi.
- Tilkynna verður stofnuninni um allar bilanir, gangtruflanir, galla eða önnur atvik sem hafa í för með sér alvarleg slys á fólki eða dauðsföll.

Tillaga 18: Á tilgreindum svæðum getur notkun dróna (eða líkana) farið fram í 'opna flokknum samkvæmt þeim skilyrðum og því verklagi sem þar til bær yfirvöld hafa skilgreint

Tillaga 19: Loftför sem eru tjóðruð og eru allt að 25 kg að þyngd eða með skilgreint rúmmál sem gildir um loftför sem eru léttari en andrúmsloftið má nota í 'opna flokknum utan 'drónabannsvæða sem eru undir 50 m yfir landi eða vatni eða á tilgreindum svæðum sem öðrum loftrýmisnotendum hefur verið tilkynnt um.

SÉRSTAKUR FLOKKUR

Sérstakur flokkur (miðlungs hættu): í þessum flokki er krafist heimildar frá yfirvaldi (NAA) sem fylgir áhættumatni sem framkvæmt er af notanda. Handbók um notkunarpætti er með upptalningu á ráðstöfunum sem búið er að gera varðandi áhættumildun. ‘Sérstaki flokkurinn nær til dæmis yfir alla notkun sem fer fram úr takmörkunum í ‘Opna flokknum.



Tillaga 20: ‘Sérstök áhættunotkun merkir alla notkun dróna sem skapar verulega meiri hættu í flugi gagnvart mönnum sem flogið er yfir eða sem felur í sér að loftrými sé deilt með mönnum flugi. Greina verður hverja sérstaka flugáhættu og milda hana með öryggisáhættumati.

Tillaga 21: Öryggisáhættumat skal framkvæmt af notanda þar sem tekið er tillit til allra þátta sem eiga þátt í hættu er snertir viðkomandi sérstöku notkun. Í því skyni skal notandi:

- láta þar til bærum innlendum flugmálayfirvöldum í té allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna forathugunar á gildi fyrir notkunarflokk;
- láta þar til bærum yfirvöldum í té öryggisáhættumat sem nær bæði til dróna og notkunarinnar, þar sem auðkenndir

eru allir áhættuþættir sem tengjast hinni sérstöku notkun, og leggja til fullnægjandi hættumildandi ráðstafanir.

- taka saman viðeigandi rekstrarhandbók sem inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar, lýsingar, skilyrði og takmarkanir varðandi notkunina, þar með talin þjálfun og hæfni starfsfólks, viðhald á dróna og kerfum hans sem og atburðaskýrslugerð og eftirlit með byrgjum

Tillaga 22: Þar til bært yfirvald á vegum þess ríkis sem notandi er frá ber ábyrgð á útgáfu heimildar til notkunar - OA⁶ að lokinni yfirferð á og í samkomulagi við öryggisáhættumat notanda og notandahandbók í ‘sérstaka flokknum.

Tillaga 23: Notkunin skal framkvæmd samkvæmt takmörkunum og skilyrðum sem skilgreind eru í heimild til notkunar:

- Notandi skal ekki framkvæma sérstaka notkun nema hann hafi fengið gilda notkunarheimild.
- Notandi skal tryggja að allir starfsmenn sem notkunin snertir búi yfir hæfilegri hæfni og hafi kynnt sér verklag varðandi viðkomandi notkun og skilyrði sem varða notkun.
- Í hvert sinn áður en notkun hefst ber notandi ábyrgð á því að safnað sé saman nauðsynlegum upplýsingum um varanlegar og tímabundnar takmarkanir og skilyrði og á því að farið sé eftir öllum kröfum eða takmörkunum sem skilgreind eru af þar til bæru yfirvaldi eða á því að óskað sé eftir sérstakri heimild.

Tillaga 24: Notkun í ‘sérstaka flokknum væri hægt að framkvæma með drónum eða tækjabúnaði sem hefur verið vottaður eða hefur verið samþykktur með öðrum hætti. Notkunin kann að fara fram úr notkunartakmarkanir varðandi vottaðan tækibúnað þegar notkunin er sérstaklega heimiluð og þegar notkunin tryggir að beitt sé fullnægjandi hættumildun eins og auðkennd er í heimildinni til notkunar.

Tillaga 25: Notendum er heimilt af fúsum vilja að notfæra sér birgja eða starfsfólk sem er með vottorð eða kann af fúsum vilja að sækja um vottorð fyrir fjarstjórnandi (ROC) þar sem greint er frá aðferðum um hvernig skipta megi ábyrgðarpáttum og eru með fullnægjandi réttindi til að heimila notkun

Tillaga 26: Tækjabúnaður, hlutir og virkni kann að vera samþykkt óháð drónanum sjálfum og samþykki kann að vera veitt. Útfærslureglur - IR skilgreina tilskilda ferla sem byggjast á 'ferlum sem koma fram í evrópska tæknistaðlinum - European Technical Standard Order (ETSO). Ferillinn varðandi eftirlit með útgáfu og áframhaldandi flughæfni þarf að aðlaga þar sem tækjabúnaður er hugsanlega ekki uppsettur á vottuðum drónum. Þetta kann að eiga við um jarðstöðvar eða hæfan 'finna-og-forðast búnað sem settur hefur verið í dróna í 'sérstaka flokknum




Tillaga 27: Útfærslureglur - IR⁷ skilgreina þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að notandi teljist hæfur til að öðlast vottorð fyrir fjarstjórnanda - ROC og til að öðlast fullnægjandi réttindi til að geta heimilað/breytt eigin notkun

Tillaga 28: Lagt er til að hægt verði að óska eftir því að aðilar á sviði greinarinnar og á sviði staðla útvegi staðal-launsnr þegar fjallað er um öryggishættuþætti, t.d. varðandi sjónarmið um lofthæfni. Ásamt með samþykktum notkunarhandbókum þá myndi öryggisáættumatsferlið verða einfaldað.

VOTTAÐUR FLOKKUR

Vottaður flokkur (mikil hætta): skilyrði sem sambærileg eru þeim skilyrðum sem gilda um mannað flug. Þessi notkun mun að öllum líkindum ná til stórra dróna sem notaðir eru í verkefni á vegum lítilla og stórra fyrirtækja. Eftirlit af hálfu innlendra flugmálayfirvalda (útgáfa leyfa og viðurkenning á viðhaldi, notkunarsviði, þjálfun, ATM/ANS og flugvallarfélaga) og af hálfu stofnunarinnar (skipulag og viðurkenning erlendra fyrirtækja). Drónar í 'Vottaða flokknum eru meðhöndlaðir á sams konar hátt og mönnum loftför. Þeir eru vottaðir vegna lofthæfni og út frá því sjónarmiði eru þeir háðir takmörkunum á notkun, sams konar og gilda um mönnum loftför. Að sjálfsögðu kunna aðrar takmarkanir á notkun að gilda til dæmis um þjónustu á sviði flugumferðar eða aðgang að loftrými en þetta er utan við gildissvið A-NPA.



Tillaga 29: Til að geta notað dróna í 'vottaða flokknum, skal tryggja lofthæfni loftfars og fylgni þess við umhverfisstaðla, á sama hátt og nú er gert varðandi mannað flug með útgáfu TC eða Vottorð fyrir takmarkaða gerð - Restricted Type Certificate (RTC) varðandi gerðina, og Vottorð fyrir loftfar - CofA eða takmarkað Vottorð fyrir loftfar - CofA varðandi viðkomandi dróna.

Tillaga 30: Stofnanirnar og fyrirtæki sem ábyrgð bera á hönnun, framleiðslu, viðhaldi og þjálfun skulu sýna fram á hæfni sína með því að framkvæma sérstakar viðurkenningar á viðkomandi hönnun, framleiðslu, viðhaldi og þjálfun, þegar slíks er krafist vegna þeirrar hættu sem notkun hefur í för með sér.

Tillaga 31: Flugstjóri skall vera með skírteini og notandi skal vera með fjarstjórnarvottorð - ROC.

Tillaga 32: Stofnunin mun taka upp hjá sér samskipunarstillingar - CS sem ná yfir vítt svið drónasamskipana, þar sem skilgreind eru öryggismarkmið. Þær verða síðan bættar á grundvelli staðla innan faggreinarinnar sem samþykktir eru af stofnuninni þannig að hægt er að bregðast skjótt við varðandi þróun og kunna einnig að ná yfir rekstrarleg málefni og sjónarmið varðandi útgáfu skírteina.

Tillaga 33: Við núverandi aðstæður er ekki séð fyrir að hægt sé að aðgreina útfærslur á reglum varðandi 'vottaða flokkinn frá útfærslu á reglum varðandi mannað flug.

European Aviation Safety Agency
Ottoplatz, 1
D-50679 Cologne, Germany
easa.europa.eu

An Agency of the European Union

